

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Kærumálið Nr. 1/1937. Sverrir Ragnars

gegn

Karli Magnússyni

Frávisunardómur undirréttarins ómerktur og héraðsdómarinn skyldaður til að leggja dóm á málið að efni til.

Dómur bæjarþings Akureyrar 8. marz 1937: Máli þessu vísast frá réttinum.

Dómur hæstaréttar.

Frávisunardómi þeim, er í máli þessu greinir, hefir kærandi Sverrir Ragnars, kaupmaður á Akureyri, skotið til hæstaréttar samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 með kæru dags. 10. marz þ. á. Kom kæran ásamt bréfi héraðsdómarans, dags. 24. s. m., og skjölum málsins, til dómsins 31. f. m. Var málið, að lögboðnum fresti liðnum og án frekari athugasemda frá héraðsdómara eða málsaðiljum, tekið til dóms 9. þ. m., og er því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Í kæru sinni hefir kærandi krafizt þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og að héraðsdómarinn verði skyldaður til að dæma málið að efni til.

Með samningi 8 júlí 1936 leigði kærandi Þórhalli Kristjánssyni á Siglufirði vélbát fyrir tiltekna mánaðarleigu frá 15. júní s. á. og til 1. jan. 1937. Þann 19. nóv. s. á. tók varnaraðili í máli þessu, Karl Magnússon, útgerðarmaður á Siglufirði, við réttindum og skyldum samkvæmt samningnum frá þeim degi og til loka leigutímans. Samkvæmt samningnum má reka mál, ef til málssóknar kæmi út af honum, fyrir gestarétti Akureyrar. Var mál þetta höfð-

að fyrir bæjarþingi Akureyrar til heimtu eftirstöðva bátsleigunnar samkvæmt áðurnefndu varnarþingsákvæði samningsins.

Samkvæmt 224. sbr. 222. gr. laga nr. 85/1936 var gestaréttarmeðferð numin úr lögum frá 1. jan. 1937. Eftir eldri reglum var heimilt að semja um gestaréttarmeðferð fyrir ákveðnum dómi, og fól sá samningur annarsvegar í sér skyldu á hendur héraðsdómara til að leita sátta í málinu, en hinsvegar undanþágu frá því að leggja það til sátta fyrir sáttanefnd. Varnarþingsákvæði leigusamningsins var því löglegt eftir þágildandi reglum. Og eftir 81. gr. laga nr. 85/1936 er enn heimilt að semja um meðferð máls í hvaða lögsagnarumdæmi sem er og í hvaða þinghá sem er. Ennfremur er aðiljum samkvæmt 11. tölul. 3. mgr. 5. gr. téðra laga heimilt að gera skriflegt samkomulag fyrir fram um það að ganga fram hjá sáttanefnd og leggja málið með þeim hætti undir sáttaumleitun héraðsdómara. Varnarþingsákvæði leigusamningsins er því bæði lögmætt eftir eldri og yngri lögum og hefir í för með sér þær verkanir, sem taldar voru. Afnáam gestaréttarmeðferðar samkvæmt 224. gr laga nr. 85/1936 gat engu um breytt í þessu sambandi öðru en því, að nú varð að höfða málið í bæjarþingi Akureyrar, í stað gestaréttar áður, eins og líka gert var, enda hefði héraðsdómaranum borið að leita sátta í því, svo sem í gestaréttarmálum áður, ef varnaraðili hefði mætt. Frávisun málsins frá bæjarþinginu var því heimildarlaus, og ber því að taka áðurnefnda kröfu kæranda til greina.

Málkostnaðar fyrir hæstarétti hefir ekki verið krafizt, og fellur því málkostnaður niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði bæjarþingsdómur á að vera ómerkur, enda ber héraðsdómaranum að taka málið upp að nýju og leggja dóm á það að efni til.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Sverrir Ragnars, kaupmaður á Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útg. 8. f. m., gegn stefndum útgerðarmanni, Karli Magnússyni, Siglufirði, til greiðslu leiguskuldar, að upphæð kr. 810.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. janúar 1937 til greiðsludags, og málskostnaðar.

Málavexti tjáir stefnandi þá: að hann hinn 19. nóv. 1936 hafi leigt stefndum m/b „Leif“ E. A. 398, og standi hin umstefnda krónuupphæð eftir af leigunni.

Stefndur Karl Magnússon mætti ekki við þingfestinguna og enginn fyrir hans hönd.

Rétturinn litur þannig á, að eftir eðli þessa máls hafi átt að leggja það til sátta fyrir sáttamenn samkv. 5. gr. laga nr. 85/1936, en þetta hefir ekki verið gert. Ber því að vísa málinu frá réttinum.

Mánudaginn 12. apríl 1937.

Nr. 192/1936. Réttvísir (Einar B. Guðmundsson)
gegn

**Þorsteini Jóhannessyni og Gunnlaugi
Oddsen Vilhjálmí Eyjólffssyni**

Þjófnaður. (Stefán Jóh. Stefánsson).

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. nóvember 1936:
Ákærðir, Þorsteinn Jóhannesson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólffsson, sæti hvor um sig 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.